

Ed.

445. Lög

um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Stokkseyrarsókn.

(Afgreidd frá Ed. 3. júlí).

1. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi nauðsynlegt land undir nýjan kirkjugarð handa Stokkseyrarsókn, enda komi fult endurgjald fyrir.

2. gr.

Sóknarnefndin ákveður, i samráði við biskup, hve nær eignarnám skuli fara fram, hvar land skuli tekið og hversu mikið. Um framkvæmd eignarnámsins fer að öðru leyti eftir gildandi lögum um það efni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.